

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsfjarðarhöfn.

I. KAFLI

TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Ólafsfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hrafnavogum að vestan í svonefnda Ófærugjá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

II. KAFLI

STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörslu hafnarsjóðs fyrir hönd bæjarins. Þó getur hafnarnefnd falið öðrum aðila að sjá um reikningshaldið. Bæjarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn, að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra.

Hafnarnefnd kys sér formann, er boðar til funda og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og er formanni hafnarnefndar skylt að boða til fundar, æski einn nefndarmaður þess.

5. gr.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn eigi síðar en í febrúarlök næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

Fyrir fyrsta nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgönguráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í hafnarsjóð Ólafsfjarðarkaupstaðar, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarsvæðinu.

Fé úr sjóðnum veitir bæjarstjórn, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

UM LEGU SKIPA OG UMFERÐ ÞEIRRA Á HÖFNINNI

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma og afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

9. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða, hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauk á lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið, eða framkvæma eitthvað annað, samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki né bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig koma fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skyld er að hafa tryggar hlífar milli skipa og bólvirkis eða bryggju.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningsar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

IV. KAFLI

UM NOTKUN BRYGGJA OG BÓLVIRKJA

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu að öðru jöfnu þau skip, sem sigla eftir fastri auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til þess, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja vörur og muni á brott jafnskjótt og hún krefst þess. Óheimilt er að henda slógi, rusli, eða öðrum úrgangi í höfnina innan garða.

16. gr.

Við uppskipun og útskipun á sandi, kjölfestu og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis eða bryggju eða milli skipa, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið uns úr er bætt.

V. KAFLI UM ALMENNA REGLU

17. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipunum hafnarnefndar og starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

18. gr.

Skylt er að gæta fyllstu varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldvélum skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu þeirra og affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Áliti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af affermingu eða fermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni, innan línu, sem hugsast dregin úr Brimnesá í Gunnólfssá.

VI. KAFLI HAFNARMANNVIRKI EINSTAKRA MANNA OG FÉLAGA INNAN HAFNARINNAR

19. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði bæjarstjórnar til þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum allt að 10 þúsund krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda. Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis ráðuneytisins.

20. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

21. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, sem hafnarnefnd samþykkir. Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggjur eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

22. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, sem hafnarnefnd setur á hverjum tíma og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

VII. KAFLI

UM GEYMSLUSKIP OG SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

23. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi í höfnina skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt sér í lægi og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, svo að það skemmi eigi höfnina og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legu- færi þess skuli vera og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Skytt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess, og skytt er einnig eigendum smábáta, sem ekki eru í notkun, þó um stuttan tíma sé að ræða, að setja þá, ef hafnarvörður krefst þess, enda getur hann þá sjálfur látið setja þá á kostnað eiganda, ef hann hlýðir ekki fyrirmælum hans þetta varðandi. Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum, sem lagt er í lægi í höfninni.

VIII. KAFLI

UM HAFNARGJÖLD

24. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttósmálest.
- b) Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á rúmlest.
- c) Fiskiskip greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.

- d) Heimabátar minni en 10 rúml. brúttó greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári kr. 200.00 af brúttórúml. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00 á ári. Gjaldldagi skal vera 1. apríl ár hvert.

25. gr.

Um bryggjugjald.

Aðkomuskip, sem leggjast við bólverk eða bryggju, eða við skip, sem liggja við bólverk eða bryggju, skulu greiða bryggjugjald miðað við brúttórúml. kr. 1.50 á sólarhring eða hluta úr sólarhring.

Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi skv. 24. gr.

26. gr.

Vörugjöld.

1. flokkur: Gjald kr. 70.00 pr. tonn.

- a) Bensín, brennsluolia, kol, salt og vikur.
b) Þungavarningur, sekkjavara, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarvörur og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. flokkur: Gjald kr. 150.00 pr. tonn.

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvara, ávextir, vefnaðarvörur og fatnaður.

3. flokkur: Gjald kr. 400.00 pr. tonn.

- a) Vélar og tæki hverskonar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, reiðhjól, hjólbardar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki og húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, ilmvötn og snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita heimild til allt að 50% afsláttar af hafnargjaldi.

- b) Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. flokkur: Gjald kr. 40.00 pr. rúmmetra.

Timbur og allt annað eftir rúmmáli.

5. flokkur: Gjald 1% af verðmæti.

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er hann ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

IX. KAFLI

UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU HAFNARGJALDA

27. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

28. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lesta- og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu, uns gjöld þessi eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, er greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

29. gr.

Eigandi skips eða umboðsmaður hans á staðnum ber ábyrgð á greiðslu vörugjalds og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, uns gjaldið er greitt.

Vörugjald af aðfluttum vörum er gjaldkræft, er skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem flytja á brott, er gjaldkræft, er vörurnar eru komnar í skip.

Ef margir eiga vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

30. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

X. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

31. gr.

Skaðabótaskylda fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, má ákveða þær af þremur óvilhöllum dómkvóddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvóddum mönnum.

Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, sem þess krafðist, ef það gengur honum ekki í vil.

32. gr.

Seglfestu, sand, möl eða annað efni til bygginga, er bannað að taka á hafnarsvæðinu, nema með leyfi bæjarstjórnar og hafnarnefndar.

Beitutaka er bönnuð á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar, sem ákveður gjaldið fyrir beitutökuna.

33. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

34. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gera skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Ólafs-fjarðarkaupstaðar.

36. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum, nr. 45, 24. apríl 1973, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ólafsfjarðarhöfn nr. 214, 26. október 1965, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 11. október 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Bíldudalskauptún.

I. KAFLI**TAKMÖRK HAFNARINNAR**

1. gr.

Bíldudalshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Haganestá að Jaðars-lein. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu alla vega meðfram vognum.

II. KAFLI**STJÓRN HAFNARINNAR**

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með stjórn hafnamála hverju sinni.

Sveitarstjórn kys á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann. Boðar formaður til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnamála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á höfninni, og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta.

Haldið skal sérstakt reikningshald fyrir hafnarsjóð og skal hafnarvörður annast það. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjórn við daglegan rekstur hafnarinnar skal hafnarstjórn ráða hafnarstjóra og svo marga starfsmenn aðra, sem þurfa þykir, og setur þeim erindisbréf. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarstjóri í samráði við hafnarstjórn.